



Fundur í sveitarstjórn

31. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn fimmtudaginn 10. september 2015 og hófst kl 17:00.

Mætt voru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Karl Ásberg Steinsson, Hilma Steinarsdóttir, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Tillaga um að bæta inn lið 4 á dagskrá sem nefnist Fundargerð 13. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 9. september 2015. Aðrir liðir færast aftur sem því nemur.

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð 21. fundar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga 21. ágúst 2015.

Lögð fram til kynningar.

2. Fundargerð 376. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands dags. 24. ágúst 2015.

Lögð fram til kynningar.

3. Fundargerð 11. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags. 20. júlí 2015.

Liður 1 Umsókn fyrir byggingu svala, Austurvegur 6.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2 Umsókn um leyfi vegna byggingar bílskúrs og stækkunar íbúðarhúss að Hálsvegi 5.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Liður 3 Hálsvegur 12, lóðarúthlutun.

Reynir Atli lýsir yfir vanhæfi. Borið undir fundinn.

Samþykkt samhljóða.

Reynir víkur af fundi.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn.



LANGANESBYGGÐ

Samþykkt samhljóða.

Reynir Atli kemur aftur inn á fundinn.

Liður 4 Umsókn um stöðuleyfi fyrir gám að Bakkavegi 17.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

4. Fundargerð 13. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar, dags. 9. september 2015.

Liður 1 Umsókn um leyfi til að byggja sólpall við Fjarðarveg 14.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn og umsækjanda heimilað að byggja umræddan sólpall.

Samþykkt samhljóða.

Liður 2 Umsókn um leyfi til að minnka skúr við Fjarðarveg 14.

Lagt til að bókun Umhverfis- og skipulagsnefndar verði staðfest af sveitarstjórn og umsækjanda heimilað að minnka umræddan skúr.

Samþykkt samhljóða.

5. Fundargerð 7. fundar Atvinnu- og ferðamálanefndar Langanesbyggðar dags. 3. september 2015.

Liður 1 Úthlutun til styrkvega 2015.

Atvinnu- og ferðamálanefnd telur að fjármunum sé best varið í veginn út á Langanesfont þar sem þar eru nú þegar framkvæmdir og steinbrjótur sem óvíst er hvenær komi aftur á svæðið, enda umferð þar mest, samanborið við aðra styrkvegi í sveitarfélaginu.

Á 6. fundi Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar þann 11. mars 2015 bókaði nefndin að hún telji styrkvegafé ætti að fara í veginn inn í Tunguselsheiði.

Lagt til að bókun Atvinnu- og ferðamálanefndar verði staðfest af sveitarstjórn.

Samþykkt samhljóða.

Liður 4b Netsamband.

Atvinnu- og ferðamálanefnd Langanesbyggðar beinir því til sveitarstjórnar að beita sér af krafti við að laga slæmt netsamband víða í sveitarfélaginu.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að koma efni bókunnar Atvinnu- og ferðamálanefndar á framfæri við þar tilbærna aðila.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

6. Fundargerð fundar stjórnar Dvalarheimilisins Nausts, dags. 7. september 2015.



LANGANESBYGGÐ

Lögð fram til kynningar.

7. Innsent erindi, hreyfihamlaðir og aðbúnaður á tjaldsvæðum, dags. 05. ágúst 2015.

Aðgengi og aðstaða fyrir hreyfihamlaða á tjaldsvæðum. Erindinu vísað til Velferðarnefndar.

Samþykkt samhljóða.

8. Styrkbeiðni vegna bókaskrifa.

Ósk um fjárstuðning vegna bókaskrifa um flugsögu Austurlands.

Sveitarstjórn sér sér ekki fært að verða við ósk um fjárstuðning.

Samþykkt samhljóða.

9. Styrkbeiðni frá Björgunarsveitinni Hafliða.

Karl Ásberg lýsir sig vanhæfann.

Samþykkt samhljóða.

Karl Ásberg vikur.

Þorsteinn Ægir lýsir sig vanhæfann.

Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir vikur.

Halldór Stefánsson tekur sæti fyrir Þorstein.

Óskað er eftir langtíma styrk í formi sammings vegna björgunarsveitarstarfa.

Sveitarstjórn er jákvæð fyrir erindinu. Sveitarstjóra er falið að ganga frá langtímasamningi um styrk upp á ISK 500.000 á ári við hlutaðeigandi og gera ráð fyrir honum í komandi fjárhagsáætlunargerð fyrir árið 2016.

Samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Ægir og Karl Ásberg taka aftur sæti og Halldór vikur.

10. Breytingar á skipun Umhverfis- og skipulagsnefndar

Karl Ásberg skipaður aðalmaður í nefndina.

Tillaga að Karl Ásberg Steinsson verði formaður nefndarinnar.

6 samþykkir, Hilma situr hjá.

Margrét Höskuldsdóttir er skipaður varamaður.

11. Næsti fundur sveitarstjórnar.

Næsti reglulegi fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar lendir á sömu dagsetningu og Fjármálaráðstefna sveitarfélaganna verður. Sveitarstjórn ráðgerir því að halda næsta fund mánudaginn 21. september. Næsti reglulegi fundur þar á eftir verður 8. október.



LANGANESBYGGÐ

Samþykkt samhljóða.

12. Atvinnumál Bakkafjörður.

Sveitarstjóri fór yfir þróun og stöðu mála. Hann hefur átt fund með forsvarsmönnum Toppfisks ásamt því að funda með öðrum aðilum sem að málinu geta komið. Sveitarstjórn Langanesbyggðar lýsir yfir þungum áhyggjum vegna uppsagna 12 af 13 starfsmönnum Toppfisks. Sveitarstjórn leggur á það ríka áherslu að leitað verði lausna sem nýtast samfélaginu á Bakkafirði til lengri tíma litið. Sveitarstjóra falið að vinna málið áfram.

Samþykkt samhljóða.

13. Finna fjörður.

Oddviti fór yfir stöðu verkefnisins. Tvær veðurstöðvar voru settar upp snemma í ágúst í Finnafirði og þær byrjaðar að safna gögnum. Jarðvegsrannsóknir fóru fram á svæðinu í ágúst. Kynning hefur víða farið fram á verkefninu og núna síðast var verkefnið kynnt á ráðstefnu í Alaska. Úrvinnsla veðurgagna er í gangi. Grunnhönnun á hafnaraðstöðu hefur verið í gangi.

Oddviti óskar eftir að bæta við lið 16 á dagskránni sem nefnist Trúnaðarfundur – Atvinnumál.

Samþykkt samhljóða.

14. Rekstraruppgjör janúar til júlí.

Sveitarstjóri lagði fram 7 mánaðar uppgjör og fór yfir það. Skatttekjur eru hærri en áætlun gerði ráð fyrir, munar þar mestu um herra framlag Jöfnunarsjóðs. Rekstrargjöld eru á pari við áætlun og örlítið lægri en í fyrra. Rekstrarafkoma A – hluta er betri en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarafkoma samstæðunnar er töluvert betri en afkoma sama tímabils síðasta árs.

15. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir stöðu verkefna.

Sveitarstjóri fundaði með þjónustuaðila Langanesbyggðar í úrgangsmálum. Málið verður unnið áfram.

Búið er að leysa heimilishjálp á Bakkafirði til skamms tíma og unnið að langtímalausn.

16. Trúnaðarfundur - Atvinnumál

Fundi lokað og trúnaðarfundur settur.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 18:57